Nr. í sameiginlegu tollnafna-skránni	*Vörulýsing*	*Kvóti fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 1981*
	úr a) Ökutæki og almenningsvagnar annað hvort með neistakveikjuhreyfli með 2800 cm^3 sprengirými eða meira eða þrýstikveikjuhreyfli með 2500 cm^3 sprengirými eða meira: — Fullgerðir almenningsvagnar og langferðabifreiðar	
	úr b) Önnur: — Fullgerð, sem taka fleiri en sex í sæti	
87.05	Yfirbyggingar (þar með talin ökumannshús) fyrir ökutæki er teljast til nr. 87.01, 87.02 eða 87.03:	9.800 RE
	úr A. Yfirbyggingar og ökumannshús úr málmi til iðnaðarsamsetningar á — göngudráttarvélar fyrir landbúnað sem teljast til undirnúmers 87.01. A, — ökutæki til flutnings á mönnum, þar með talin ökutæki hönnuð til flutnings bæði á mönnum og vörum, sem taka fleiri en sex en færri en 15 í sæti, — ökutæki til flutnings á vörum eða efni annað hvort með neistakveikjuhreyfli með minna en 2800 cm^3 sprengirými eða þrýstikveikjuhreyfli með minna en 2500 cm^3 sprengirými, — bifreiðar til sérstakrar notkunar er teljast til nr. 87.03 (a)	
	úr B. Aðrar: — Yfirbyggingar og ökumannshús úr málmi, annað en til ökutækja til flutnings á mönnum, sem taka sex eða færri í sæti	

(a) Innflutningur samkvæmt þessu undirnúmeri er háður skilyrðum sem þar til bær yfirvöld ákveða.

Nr. 3. 15. janúar 1981.

AUGLÝSING

um breytingu á aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland.

Hinn 13. janúar 1981 var undirrituð bókun varðandi aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland þar sem kveðið er á um breytingu á niðurstöðu viðræðna frá 20. mars 1976, sbr. auglýsingar í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 9/1976 og 2/1979.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 15. janúar 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

BÓKUN

varðandi aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland.

Dagana 12. og 13. janúar 1981 fóru fram í Reykjavík viðræður milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja um niðurstöður viðræðna um aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland frá 20. mars 1976 eins og þeim var breytt með bókun 10. janúar 1979. Samkomulag varð um að botnvörpu- og flotvörpuveiðum Færeyinga sem þar er gert ráð fyrir verði þannig háttað að helmingur heildaraflans skuli tekinn á því svæði efnahagslögsögunnar sem liggur vestan 18° v. l. en hinn helmingurinn á svæðinu austan 18° v. l. Skal í þessu efni miðað við ársaflann en allt að 10% frávik er þó heimilt. Sérhverri veiðiferð skal að fullu lokið á sama svæði og hún er hafin.

Aðilar voru einnig sammála um að landsstjórn Færeyja sendi íslenskum stjórnvöldum upplýsingar um sundurliðaðan afla eftir veiðisvæðum og veiðarfærum um leið og þær liggja fyrir.

Reykjavík, 13. janúar 1981.

Staðfest:

Ólafur Jóhannesson
Steingrímur Hermannsson

PROTOKOLL

um atgongd föroyinga til fiskiveiðu við Ísland.

Í dögunum 12. og 13. januar 1981 fóru samráðingar fram í Reykjavík millum umboð fyri Íslendsku stjórnina og Föroya Landsstýri um niðurstöðuna av samráðingunum um atgongd föroyinga til fiskiveiðu við Ísland frá 20. mars 1976 sum broyttar við protokoll frá 10. januar 1979. Semja varð um at veiða föroyinga við botntroli og flótitroli sum har er umrødd verður at fara fram soleiðis at helmingurin av samlaðu veiðuni verður fiskaður á økinum sum liggur vestan fyri 18° v. l. og hin helmingurin á økinum eystan fyri 18° v. l. Her er talan um ársveiðuna, men upp til 10% frávik er tó loyvt. Hvör veiðuferð sær skal öll sum hon er vera á tí öki, har hon er byrjað.

Partarnir voru eisini samdir um at Föroya Landsstýri sendir íslendskum myndugleikum upplýsingar um veiðuna, sundurgreinaða eftir veiðiökjum og reiðskapi, so skjótt, ið tær fyrirlyggja.

Reykjavík, 13. janúar 1981.

Staðfest:

Pauli Ellefsen
Olaf Olsen